

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015,**  
**verslunar- og þjónustusvæði, Miðfelli 3.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. nóvember 2012 breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, sem samþykkt var í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 16. ágúst 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 18. október 2012.

Í breytingunni felst að 1,2 ha landbúnaðarlandi er breytt í verslunar- og þjónustusvæði með aðkomu um land Dalbæjar 3. Gert er ráð fyrir gistiheimili/hóтели á svæðinu með möguleikum á allt að 36 herbergjum.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 2. nóvember 2012.*

**Stefán Thors.**

---

*Erna Hrönn Geirsdóttir.*